

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar og menntamálanefnd Alþingis
Vopnalög Bogfimi ungmenna
386. mál, lagafrumvarp
151. löggjafarþing 2020-2021

Dags: 04.03.2021

Þessi lagabreyting hefur litla þýðingu, það sem breytist er að allir geta eignast og skotið af boga óháð dragþyngd bogans. Því staðreyndin er sú að í dag eru börn nánast alltaf undir eftirliti lögráða einstaklings.

Núverandi fyrirkomulag 31. gr. vopnalaga kemur ekki í veg fyrir að ungmenni geti stundað eða keppt í bogfimi. Börn undir 16 ára geta æft og keppt með boga undir 7kg dragþyngd.

Börn sem hafa verið með of kraftmikla boga og verið undir aldri verða vissulega "lögleg". Svo er "nema til æfinga og keppni undir eftirliti lögráða einstaklinga" ekki nóg skilgreint, í eðli sínu í hvert skipti þegar verið er að skjóta af boga er verið að þjálfa sig, það á við um allar íþróttir og í raun um lífið sjálft. Það þyrfi að skilgreina hvað er eftirlit, er það 1 lögráða fyrir 1 barn eða getur það verið 1 lögráða og t.d. 20 10 ára börn.

Börn hafa verið að þjálfa með kraftmikla boga undir handleiðslu þjálfara sem vissu betur um árabíl. Það er alveg horft framhjá dragþyngd (togkrafti) í keppnum hér á landi og utanlands, þó eru takmörk á dragþyngd á trissubogum í flestum keppnum.

Íþróttin er mjög örugg og slys fátíð og eru fá lönd sem hafa lagasetningu sérstaklega um bogfimi. Bogar og búnaður sem því fylgir er yfirleitt flokkaður sem íþróttabúnaður.

Bogfimifélög á heimsvísu setja hvert um sig sínar reglur fyrir félag sína, Bogfimifélögin hér á landi verða að koma sér upp reglum sem félagar verða að fara eftir, því ætti ábyrgðin að vera þeirra varðandi aldur og þroska barna sem æfa með félögunum.

Vopnalögin eru skrifuð þannig og orðalag þannig að það virðist vera að "boga" hafi verið bætt inni eftir á, t.d. er ekkert kerfi innan lögreglunar sem heldur utanum skráningu yfir bogaeign landsmanna þó svo 18. gr. þessarra laga taki það sérstaklega fram, það er þó til kerfi sem er notað fyrir byssueign landsmanna.

Orðalag breytingarinnar er eftirfarandi :

Barni yngra en 16 ára má ekki selja eða afhenda örvaboga með meiri togkrafti en 7 kg eða oddhvasar örvar nema til æfinga og keppni undir eftirliti lögráða einstaklinga.

en miðað við hvernig raunveruleikinn í kringum bogfimina er þá segir greining eftirfarandi :

Allir meiga eiga boga

Hérna er verið að "redda málinu" með löggjöf sem breytir engu í sambandi við bogfimi iðkun ungmenna á Íslandi. Það er verið að taka takmörkun á meðhöndlun boga í burt vegna þess að börnin eru nánast alltaf undir eftirliti.

Því legg ég til og vona að nefndin íhugi vandlega að fella algjörlega í burt úr vopnalögum það sem hindrar framgang íþróttarinnar á Íslandi svo að unga fólkið okkar geti staðið samfætis ungu fólki í löndunum í kringum okkur.

Tillaga:

fella í burt í 2.gr lið e. orðið "örvaboga"

fella í burt í 30. gr. lið f. "langboga", "svo og örvarodda" og "Þetta tekur þó ekki til boga sem ætlaðir eru til æfinga eða keppni í bogfimi."

fella í burt 31. gr.

Kveðja

Ólafur Ingi Brandsson
Bogfimiþjálfari